

MÍT

Vörðupróf II

Selló

Uppbygging Vörðuprófs II við MÍT miðast við uppbyggingu framhaldsprófs.

Á Vörðuprófi II í sellóleik skal nemendi leika þrjú verk og eina æfingu. Aðrir prófþættir eru tónstigar og brotnir hljómar, val og óundirbúinn nótnalestur, auk þess sem gefið er fyrir heildarsvip prófsins.

Verkefni á Vörðuprófi II skulu almennt miðast við léttari verk úr verkefnalista fyrir framhaldspróf.

Prófþættir

1. **Þrjú ólík verk** (12 einingar hvert)
2. **Æfing** (12 einingar)
3. **Útdrættir úr hljómsveitarverkum** (12 einingar)
4. **Tónstigar og hljómar** (15 einingar) í samræmi við lýsingu á tæknilegum kröfum í Vörðuprófi II
5. **Val** (10 einingar). Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:
 - a. Leiki verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur framhaldsprófsverkefni.
 - b. Leiki samleiksverk þar sem hann gegnir veigamiklu hlutverki.
6. **Óundirbúinn nótnalestur** (10 einingar).
7. **Heildarsvipur** (5 einingar)

Leikmáti og hraði í skölum og tvígripum

Nemandi sýni

- fjölbreytni í bogatækni
- fjölbreytni í hraðavali
- leiki hraðasta tónstigann eigi hægar en MM fjórðupartur=120 miðað við að leiknar séu áttundupartsnótur
- leiki tvígrip fram og til baka eða með lykkjustroki.